

BRÁKARBORG– MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Október 2019

Leikskólinn Brákarborg	4
Greining	5
Stjórnun - samantekt	7
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	7
Uppeldis og menntastarf.....	9
Styrkleikar	9
Tækifæri til umbóta	9
Mannauður	11
Styrkleikar	11
Tækifæri til umbóta	11
Leikskólabragur	12
Styrkleikar	12
Tækifæri til umbóta	12
Innra mat	13
Styrkleikar	13
Tækifæri til umbóta	13
Viðmiðaraminn	14

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Brákarborg sem fram fór í september 2019. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í september 2019 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 18.-26. september. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN BRÁKARBORG

Leikskólinn Brákarborg tók til starfa árið 1952 og er staðsettur við Brákarsund, 104 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 3 deildir og 45 börn voru á leikskólanum í september 2019. Yngstu börnin eru á Dvergheimum og 3- 4 ára börnin eru á Álfheimum og 4-6 ára börnin eru á Jötunheimum.

Leikskólastjóri er Sólrún Óskarsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er María Björnsdóttir.

Við leikskólann Brákarborg starfa 13 starfsmenn í 10,5 stöðugildum. Stjórnunarhlutfall á Brákarborg er 105%. Sex starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun; 3 deildarstjórar, 1 leikskólakennari, leikskólastjóri og sérkennslustjóri sem einnig er aðstoðarleikskólastjóri. Fjórir starfsmenn vinna við stuðning í fjórum stöðugildum. Einn grunnskólakennari og tónmenntakennari, einn þroskþjálfari og danskennari á yngri barna sviði, einn starfsmaður með BS í sálfræði og MS í atferlisfræði. Tveir starfsmenn með háskólamenntun. Sex starfsmenn eru leiðbeinendur í 4,5 stöðugildum. Einn karlmaður vinnur í Brákarborg.

Styrkleikar

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu. Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu leikskólastarfi. Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu. Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni. Framkvæmdaáætlun um jafnrétti, byggð á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, liggur fyrir og unnið er eftir henni.

Möguleikar húsnaðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir. Skipulag húsnaðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist og svigrúm er til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum.

Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn. Starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta og tekur þátt í leik barna þegar það á við.

Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni sem höfða til margvíslegra áhugasviða þeirra.

Teymi er myndað um börn með alvarleg frávík og eru stöðufundir sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra haldnir reglulega. Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra.

Leikskólakennarar skipuleggja og leiða starf á deildum og eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn. Faglegur metnaður einkennir starf á deildum. Starfsfólk er stolt af starfi sínu og hefur trú á gæðum leikskólastarfsins. Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtt í starfi og líður vel í vinnunni.

Börnunum líður vel í leikskólanum og eru glöð og áhugasöm. Starfsfólk er uppbyggjandi og hvetjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum. Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans.

Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahald og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og er virkur samstarfsaðili leikskólans og styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði.

Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans. Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns. Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann.

Tækifæri til umbóta

Einkunnarorð og gildi leikskólans verði sýnileg í leikskólanum. Að stefna leikskólans sé skýrt fram sett og birtist á heimasíðu leikskólans. Áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar/rekstraraðila endurspeglar í stefnu leikskólans. Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að áhersla sé lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna.

Þróunar – og/eða umbótaáætlun byggir á stefnu leikskólans og innra og/eða ytra mati á starfinu.

Símenntunaráætlun endurspeglar áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá. Samræmi sé á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans.

Í skólanámskrá séu birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast. Starfsfólk taki þátt í gerð skólanámskrár og samráð verði haft við börn og foreldra eftir því sem við á.

Skólanámskrá sé lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Skólanámskrá sé birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt.

Börnum sé gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins. Börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf, valstund, samveru o.s. frv.). Leitað sé eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær.

Börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi og fjölbreyttar leiðir séu farnar til að fá fram sjónarmið barna.

Að námssvið aðalnámskrár endurspeglar markvisst í skólanámskrá, starfsáætlun og starfi leikskólans; læsi, samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

Verkferlar vegna sérfræðipjónustu séu skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum.

Áætlun verði gerð um mat á námi og velferð barna. Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna. Börn taki þátt í að meta nám sitt og fái tækifæri til að setja sér markmið og komi með tillögur að leiðum í eigin námi. Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim.

Í skólanámskrá sé umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt. Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans verði metin og öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.

Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun og gætt sé að því að innra matið byggji á margvíslegum gögnum. Að framkvæmd innra mats sé samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum. Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra).

Í greinargerð um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Í viðmiðum um stjórnun er fjallað um stjórnandann sem faglegan leiðtoga, stjórnun leikskólans og daglegan rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

STYRKLEIKAR

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð/gildi í leikskólastarfinu
- Leikskólastjóri leggur rækt við samskipti við börn, starfsfólk og foreldra í daglegu leikskólastarfi
- Starfsfólk finnur að framlag þeirra til leikskólans er metið
- Stjórnendateymi skipuleggur og samhæfir störf starfsfólks í samræmi við menntun þeirra og sérhæfingu
- Stjórnendateymi samræmir störf þeirra sem sjá um málefni einstakra barna varðandi sérfræðiþjónustu
- Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu leikskólans og Reykjavíkurborgar
- Leikskólinn er rekinn fyrir það fjármagn sem honum er úthlutað
- Við ráðningu nýrra starfsmanna er farið eftir lögbundnu ráðningaferli
- Við ráðningu starfsmanna er gætt að vanhæfni til meðferðar máls vegna ættingja eða tengdra aðila
- Unnið er eftir *Verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna*
- Starfsþróunarsamtöl eru tekin a.m.k. einu sinni á ári
- Niðurstöður starfsþróunarsamtala eru skráðar og þeim fylgt eftir
- Starfsfólk fær samningsbundinn undirbúningstíma
- Verklagsreglur um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim
- Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu
- Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum eða í læstum skráum í tölvum
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir
- Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks
- Nauðsynlegum upplýsingum er miðlað til starfsfólks
- Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu
- Samráð er milli leikskólans og grunnskóla í hverfinu um skipulagsdaga
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni
- Framkvæmdaáætlun um jafnrétti, byggð á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, liggur fyrir og unnið er eftir henni

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Einkunnarorð og gildi leikskólans verði sýnileg í leikskólanum
- Að stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans
- Að stefna leikskólans sé skýrt fram sett
- Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra
- Áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar/rekstraraðila endurspeglast í stefnu leikskólans
- Stefna leikskólans og markmið endurspeglar að áhersla sé lögð á alhliða nám, heilbrigði, velferð og vellíðan allra barna

- Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni og metur framfarir
- Í stefnu leikskólans komi fram að lögð sé áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólastarfinu
- Þróunar – og/eða umbótaáætlun byggji á stefnu leikskólans og innra og/eða ytra mati á starfinu
- Símenntunaráætlun endurspegli áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá
- Samræmi sé á milli símenntunaráætlunar og umbótaáætlunar leikskólans
- Leikskólastjóri haldi skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna
- Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu
- Í skólanámskrá séu birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast
- Starfsfólk taki þátt í gerð skólanámskrár og samráð verði haft við börn og foreldra eftir því sem við á
- Leikskólastjóri hafi forgöngu um reglulega endurskoðun námskrár
- Skólanámskrá sé lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Skólanámskrá sé birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt
- Í starfsáætlun verði birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast
- Starfsáætlun sé unnin árlega með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins
- Starfsáætlun sé lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Starfsáætlun sé birt á heimasíðu leikskólans og/eða á annan aðgengilegan hátt

UPPELDIS OG MENNTASTARF

Í viðmiðum um uppeldis og menntastarf er fjallað um skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshætti, leik og nám (lýðræði, jafnrétti og þátttöku barna), námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar, mat á námi og velferð barna.

STYRKLEIKAR

- Möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms eru nýttir
- Skipulag húsnæðis ber þess merki að unnið er að góðri hljóðvist
- Svigrúm er til að mæta hreyfipörf barna í leik og samskiptum
- Umhyggja einkennir samskipti starfsfólks við börn
- Starfsfólk nýtir daglegar athafnir til náms og samskipta
- Starfsfólk leiðbeinir og tekur þátt í leik barna þegar það á við
- Starfsfólk hefur yfirsýn og gætir þess að hvert barn fái að njóta sín
- Starfsfólk er tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra
- Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildum
- Börnin hafa val um fjölbreytt viðfangsefni
- Viðfangsefni höfða til margvíslegra áhugasviða barna
- Komið er til móts við börnin þegar þau langar að skipta um viðfangsefni
- Leikskólasérkennarar, þroskajálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfar innan leikskólans
- Teymi sé myndað um börn með alvarleg frávik
- Stöðufundir sérfræðinga, stuðningsaðila og foreldra eru haldnir reglulega
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð hverfis
- Foreldrar eru reglulega upplýstir um niðurstöður mats á námi og stöðu barna þeirra

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að vinnuaðstaða fyrir starfsfólk sé góð s.s. til undirbúnings, samráðs, funda og sérkennslu
- Börnum sé gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins
- Börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda (hópastarf, valstund, samveru o.s. frv.)
- Leitað sé eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær
- Börnin komi reglulega að mati á leikskólastarfi
- Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að fá fram sjónarmið barna
- Í samvinnu við börnin sé leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi
- Unnið sé markvisst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endurspeglit í námskrá, áætlun um læsi og í starfi
- Unnið sé markvisst að því að efla samskipti barna og það endurspeglit í námskrá og starfi
- Unnið sé markvisst að því að efla heilbrigði og vellíðan og það endurspeglit bæði í námskrá og starfi
- Unnið sé markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglit bæði í námskrá og starfi
- Unnið sé markvisst að eflingu vísinda meðal barna og það endurspeglit bæði í námskrá og starfi
- Unnið sé markvisst að sköpun í leikskólanum og það endurspeglit bæði í námskrá og starfi
- Í sköpun sé áhersla lögð á ferlið fremur en afurðina

- Unnið sé markvisst að menningu í leikskólanum og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi
- Starfsfólk fái upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa
- Allt starfsfólk sé upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum
- Farið sé eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávík hjá barni
- Verkferlar vegna sérþærðipjónustu séu skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum
- Mati, úrræðum og verkefnum sé fylgt eftir með skipulögðum hætti
- Áætlun verði gerð um mat á námi og velferð barna
- Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barna
- Mat á hæfni, námi og velferð barna tekur til margra þátta
- Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar mati á námi og stöðu barna
- Mat á námi og stöðu barna byggist á samvinnu leikskóla og foreldra
- Aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna séu endurmetnar reglulega
- Börn taki þátt í að meta nám sitt
- Börn fái tækifæri til að setja sér markmið
- Börn fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi
- Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref með þeim
- Skráningar séu varðveittar með skipulögðum hætti
- Starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnun og skráningu

MANNAUÐUR

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um hlutverk leikskólakennara, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju.

STYRKLEIKAR

- Leikskólakennarar skipuleggja og leiða starf á deildum
- Leikskólakennarar eru fyrirmyndir í viðmóti og samskiptum við börn
- Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn
- Starfsfólk er ánægt með markmið og stefnu leikskólans
- Starfsfólk er ánægt með framkvæmd stefnunnar í leikskólanum
- Faglegur metnaður einkennir starf á deildum
- Farvegur er fyrir samstarf barna og starfsfólks milli deilda
- Starfsfólk sækir símenntun
- Starfsfólk leiðbeinir, hvetur og styður hvert annað
- Hugmyndum um nýjungar í starfsháttum er vel tekið
- Starfsfólk er stolt af starfi sínu
- Starfsfólk hefur trú á gæðum leikskólastarfsins
- Starfsfólk telur hæfni sína og þekkingu vera vel nýtt í starfi
- Starfsfólki líður vel í vinnunni
- Starfsfólk er ánægt með starfsandann í leikskólanum
- Starfsfólk er ánægt með samskiptin í leikskólanum
- Starfsfólk telur að jafnræðis og jafnréttis sé gætt
- Starfsfólki er hrósað fyrir vel unnin störf

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglar í starfinu
- Að stefna leikskólans birtist í starfi á deildum

LEIKSKÓLABRAGUR

Í viðmiðum um leikskólabrag er fjallað um viðmót og menningu, velferð og líðan barna, þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.

STYRKLEIKAR

- Andrúmsloftið í leikskólanum er afslappað og notalegt
- Jákvæður andi og gleði ríkir
- Kurteisi, virðing og umhyggja einkennir samskipti
- Starfsfólk er samhent í starfi
- Börnunum líður vel í leikskólanum
- Börnin eru glöð og áhugasöm
- Milli barnanna ríkir samkennd og virðing
- Reglur eru skýrar, samræmdar og börnin þekkja þær
- Starfsfólk er uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum
- Áhersla er á þegar börn gera vel
- Brugðist er við krefjandi hegðun af fagmennsku
- Samtöl starfsfólks við börnin eru uppbyggjandi og hvetjandi
- Starfsfólk sýnir sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans
- Foreldrum eru gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans
- Fulltrúar í foreldraráði eru lýðræðislega valdir af sínum hópi
- Foreldraráð fundar reglulega og hefur sett sér starfsáætlun og vinnureglur
- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólahald og leikskólaþróun eru lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans og styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði
- Foreldrar eru jákvæðir í ummælum sínum um leikskólann og frammistöðu hans
- Foreldrar eru ánægðir með stefnu leikskólans
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns
- Foreldrar telja að barninu líði vel í leikskólanum
- Foreldrar eru ánægðir með samskipti og viðmót starfsfólks
- Foreldrum finnst þeir vera velkomnir í leikskólann
- Leitast er við að komast til móts við óskir foreldra

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglar í verkum og viðhorfum starfsfólks
- Börn séu þátttakendur í að búa til reglur þegar það á við
- Skipulagt verklag sé til í leikskólanum þegar ræða þarf við foreldra um viðkvæm mál

INNRA MAT

Í viðmiðum um innra mat er fjallað um skipulag og viðfangsefni, gagnaöflun og vinnubrögð, opinbera birtingu og umbætur.

ENGIR SÉRSTAKIR STYRKLEIKAR KOMU FRAM

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Í skólanámskrá sé umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt
- Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann (3-5 ár) liggja fyrir
- Að mat á starfsháttum fari fram reglulega
- Mat og igrundun leikskólakennara og annara starfsmanna á eigin starfsháttum sé liður í starfi þeirra
- Í skólanámskrá sé fjallað um hvernig markmið leikskólans verði metin
- Öll markmið skólanámskrár séu metinn markvisst og reglubundið með einhverjum hætti
- Leiðir að markmiðum s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar séu hluti af innra mati
- Fyrir hvert markmið séu tilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt verði að
- Í greinargerð um innra mat sé fjallað um að hve miklu leyti markmið hafa náðst
- Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun
- Gætt sé að því að innra matið byggi á margvíslegum gögnum
- Að gagna sé aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu
- Gagna sé aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá
- Ef fyrir liggja niðurstöður úr ytra mati (s.s. kannanir og skimanir) séu þær nýttar í innra matið
- Starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati
- Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati, t.d. með aðkomu foreldraráðs
- Að framkvæmd innra mats sé samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum
- Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra)
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eigi sér stað samræður meðal hagsmunaaðila (starfsfólks, foreldra og barna eftir því sem við á) um þróun og umbætur.
- Greinargerðir um innra mat séu birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Í greinargerð um innra mat komi fram helstu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður
- Í greinargerð um innra mat er greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum
- Umbótaáætlanir séu birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Áætlanir um umbætur séu bornar undir foreldraráð og skóla- og frístundasvið
- Í umbótaáætlun séu tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru
- Brugðist sé við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó svo að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru
- Tilgreint sé í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða
- Umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.